

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

SPURNINGAHEFTI

Nafn: _____

Bekkur: _____

- Prófið er í þremur hlutum: Spurningahefti, svarblað og ritunarblað.
- Merktu svarblað og ritunarblað með nafni þínu, kennitölu og skóla.
- Settu nafn þitt líka á spurningaheftið.
- Lestu öll fyrirmæli vandlega.
- Íslenskuprófið skiptist í bókmenntir og lestur (55%), málfræði (25%) og ritun (20%).
- Svör við öllum spurningum í þessu hefti á að færa á svarblaðið.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

Hjörleifshöfði er stórkostlegt einmana fjall á miðjum Mýrdalssandi. Sá sem gengur upp á höfðann fær í verðlaun frábært útsýni og finnur legstaði víkinga fyrr og nú.

Ef marka má frásögn Landnámu komu þeir Ingólfur Arnarson og Hjörleifur Hróðmarsson saman til Íslands með föruneysi sínu sumarið 874 og gerðu sína fyrstu bústaði í Ingólfshöfða og Hjörleifshöfða. Þeir fóstbræður voru mágur því kona Hjörleifs var Helga Arnardóttir systir Ingólfs, en Örn var föðurbróðir Hjörleifs svo Hjörleifur var jafnskyldur eiginkonu sinni og fóstbróður.

Landnáma segir að þá hafi höfðinn staðið við fjarðarbotn sem gekk í landið. Hjörleifur reisti skála tvo við höfðann og dvaldi þar um veturinn en um vorið vildi hann sá og lét þræla sína draga arðinn. Að ráði Dufþaks þræls drápu þeir Hjörleif og flúðu svo með konur og fé til Vestmannaeyja þar sem Ingólfur drap þá í hefndarskyni.

Landnáma segir að Ingólfur hafi látið gera gröf Hjörleifs og manna hans sem þrælarnir drápu og enn stendur haugur mikill efst á höfðanum þar sem sagt er að Hjörleifur sé heygður.

Hvað er skáldskapur og munnmæli og hvað er sagnfræði? Um þetta hefur verið deilt og sýnist sitt hverjum en haugur Hjörleifs er býsna ápreifanlegur og lítt fallinn til þess að deila um tilvist hans hvað sem innihaldinu líður.

Engin ástæða er til að efast um frásagnir Landnámu af firðinum sem hér var á söguöld því vitað er að sandurinn lengist um marga kílómetra í hverju Kötluhlaupi sem eru stórbrotnar

náttúruhamfarir sem verða í Kötlugosum. Til eru margar frásagnir af slíkum hlaupum þegar sandurinn gervallur hverfur undir flóðbylgju vatns, jaka og sands úr bráðnandi jöklinum og getur flóðbylgjan orðið margir tugir metra á hæð. Haustið 1918 varð síðasta Kötluhlaup og ströndin hljóp þá fram um þrjá kílómetra og eftir stóðu 20 metra háir ísjakar í sandinum. Smalamenn í Álftaveri forðuðu sér á þeysireið undan hlaupinu sem steyptist fram sandinn.

[...]

Byggð hefur lengi verið í Hjörleifshöfða enda er hann allgróinn og vel fallinn til búskapar. Talið er að bæjarstæði Hjörleifs hafi verið við rætur höfðans að vestan og þar hafi verið búið allt til 1721 þegar bæinn tók af í Kötluhlaupi. Skömmu síðar var bæjarstæðið fært upp á höfðann og sjást allmiklar rústir neðarlega á höfðanum eftir síðustu byggðina í Hjörleifshöfða sem lauk 1936 og hefur þessi tilkomumikli staður síðan verið í eyði.

Auðvelt er að aka bíl niður með höfðanum að vestan og fyrir miðri hlíð sést götuslóði upp að bæjarstæðinu. Þaðan er gott að ganga og skoða búsetuminjar og dást að stórbrotnu útsýninu til allra átta en í björtu sést austur fyrir Skeiðarársand og vestur til Vestmannaeyja en til landsins endalausir fjallabálkar með Mýrdalsjökul skínandi hvítan trónandi yfir byggðinni en undir sefur Katla í ógnardjúpi, hörðum vafin dróma.

(Páll Ásgeir Ásgeirsson, 2008, 101 Ísland - Áfangastaðir í alfaraleið)

1. Hvers vegna er Hjörleifshöfði sagður vera einmana?

- A Engin fjöll eru nærri.
- B Enginn býr þar.
- C Enginn kemur þangað.
- D Enginn vill búa þar.

2. Hvað er „legstaður“?

- F gröf
- G hýbýli
- H rústir
- I svefnstaður

3. Hvað vildi Hjörleifur að gert yrði í höfðanum?

- K Að jörðin yrði ræktuð þar.
- L Að minnisvarði yrði reistur þar.
- M Að virki yrði reist þar.
- N Að þrælarnir myndu búa þar.

4. Fornminjarnar sem styðja sagnir Landnámu um víg Hjörleifs eru _____? í höfðanum.

- P bæjarrústirnar
- R haugurinn
- S réttin
- T skálinn

5. Í orðabók stendur: hlaup –s, - HK 1 það að hlaupa (einnig um flíkur sem hlaupa) →100 metra hlaup. 2 mikill (og snöggur) vöxtur í vatnsfalli. 3 skyndileg fiskiganga. 4 fiskur á seilum sem dreginn er eftir báti með hlaupstjóra.

Í hvaða merkingu er orðið „hlaup“ notað í textanum?

- V merkingu 1
- X merkingu 2
- D merkingu 3
- ✿ Æ merkingu 4

6. Hvernig er byggð í Hjörleifshöfða best lýst?

- A Byggð hefur haldist í Hjörleifshöfða allt fram á þennan dag.
- B Byggð var í Hjörleifshöfða fram undir miðja síðustu öld.
- C Eftir síðasta Kötluhlaup tók byggð af í Hjörleifshöfða.
- D Eftir víg Hjörleifs tók byggð af í Hjörleifshöfða.

7. Kaflinn tengist best

- F eðlisfræði.
- G jarðfræði.
- H líffræði.
- I sagnfræði.

Í Fellasókn er bær einn, sem heitir á Tjörnum, og í prestskapartíð séra Hálfðanar bjó þar kona nokkur, er Steinunn hét. Ekki er þess getið, hvort hún var ógift eða ekkja, en fyrir búráðum öllum var hún talin þar á Tjörnum. Steinunn var hnigin á efra aldur, margfróð og mikilhæf í skapi og lét ógjarna hlut sinn við hvern, sem var að skipta. Gerðu þau stundum hvort öðru glettingar, séra Hálfðan og hún.

Það var einhverju sinni, að Steinunn átti að lúka séra Hálfðani dagsverk um heyannir; var þá sumar votsamt, og gekk seint heyskapur að Felli. Leið svo fram eftir sumri, að ekki lét Steinunn vinna presti dagsverkið. Þá var það einhvern morgun síðla á slætti, að kominn var þerrir góður, og lét þá prestur breiða allt hey sitt; var það mikið, því að svo sem ekkert hafði náðst í garð um sumarið. Þegar leið að hádegi, kom Steinunn á Tjörnum og hitti prest að máli; kvaðst hún vera komin að vinna honum dagsverkið, þótt seint væri. Prestur varð fár við og lét sem lítið mundi dráttu um verk hennar svo gamallar og auk þess liðið fram að miðjum degi; en Steinunn kvað nógan tíma til að tala um, hvernig dagsverkið væri af hendi leyst, þegar því væri lokið. Var henni því næst vísað út á engi til fólksins og skyldi hún vinna að heyþurrk um daginn. En er leið að nóni, tók að draga fyrir sól og gerast skúralegt. Skipaði prestur þá svo fyrir, að allt fólkið skyldi fara að sæta upp heyið og binda jafnótt heim í garð; bað hann hvern að duga nú sem best. En þegar fólkið tók til verka,

bannaði Steinunn því að binda heyið og sagði, að ekki mundi lakara að hlýða sínum ráðum en prests að þessu sinni. Þorði fólkið ekki annað en hlýða henni, og var hætt að binda, en er nokkrar sátur voru upp komnar, gekk Steinunn að þeim og veifaði hrífu sinni yfir þeim. Brá þá svo undarlega við, að sáturnar tóku á rás og runnu hver á eftir annarri heim í garð til prests, því að hann var heima að taka á móti heyinu. Er það skjótast af að segja, að á þessu gekk það, sem eftir var dagsins; jafnskjótt og hver sátu var upp borin, hvarf hún heim að garði til prests, og var allt hey hirt um kvöldið. Svo þegar Steinunn kom heim að Felli að loknu dagsverki, þakkaði prestur henni fyrir vinnuna og kvaðst nú sjá það, að fleiri sæju ofan með nefinu á sér en hann einn. Svo hafði hann sagt síðar oft en einu sinni, að fullfengið mundi sér hafa orðið að taka á móti heyinu, ef hann hefði ekki haft ráð á fleiri vinnumönnum en þeim, er Steinunn hefði vitað af.

Steinunn á Tjörnum var vel efnuð og reisti þar nýjan bæ. Prestur hafði einhver umráð yfir jörðinni og byggði henni út litlu síðar. Kerling vildi þá að minnsta kosti fá einhverja þóknun fyrir nýju bæjarhúsin, en þess var enginn kostur af prests hálfu. Tók hún þá sokkaband sitt, hnýtti því í bæjarkenginn og dró bæinn með sér spottakorn niður fyrir túnið á Tjörnum; þar settist hún að, og er þar enn byggt ból, sem heitir Glæsibær.

(Jónas Rafnar, 1948, Sjö þættir íslenskra galdramanna)

8. **Um Steinunni var sagt að hún væri**
- K sjálfhælin.
 - L sjálfselek.
 - M staðföst.
 - N stærilát.
9. **Hvað merkir „að gera glettingar“?**
- P að bregða
 - R að gleða
 - S að hrekkja
 - T að skemmta
10. **Heyskapur gekk seint á Felli vegna**
- V mannekle.
 - X ósamkomulags.
 - P ráðaleysis.
 - ✿ Æ veðurfars.
11. **Hvers vegna mætti Steinunn til prests í heyskap?**
- A Henni bar skylda til þess.
 - B Henni ofbauð seinagangurinn.
 - C Hún vildi klekkja á presti.
 - D Hún þurfti á vinnunni að halda.
12. **Hvernig brást prestur við þegar Steinunn mætti til aðstoðar?**
- F Hann lét sér fátt um finnast.
 - G Hann móðgaðist nokkuð.
 - H Hann setti upp á sig snúð.
 - I Hann tók henni fegins hendi.
13. **Hvers vegna bað prestur fólkið að duga nú sem best?**
- K Hann hafði mörg járn í eldinum.
 - L Hann sá sér leik á borði.
 - M Honum hljóp kapp í kinn.
 - N Honum leist ekki á blikuna.
14. **Hvers vegna gekk heyskapurinn svona vel þennan dag?**
- P Fólkið naut óvæntrar aðstoðar.
 - R Prestur gekk með fólki í verkið.
 - S Prestur hafði tök á fólkinu.
 - T Veður var með besta móti.
15. **Með orðunum „... að fleiri sæju ofan með nefinu á sér en hann einn ...“ átti prestur við að fleiri en hann**
- V gætu galdrað.
 - X gætu stjórnað fólki.
 - P hefðu gott verksvit.
 - ✿ Æ hefðu góða sjón.
16. **Prestur og Steinunn áttu það sameiginlegt að vera**
- A afbrýðisöm.
 - B heimtufrek.
 - C ráðrík.
 - D tillitslaus.
17. **Hvers vegna flutti Steinunn bæ sinn?**
- F Til að fá betri bújörð.
 - G Til að losna undan göldrum.
 - H Vegna nálægðar við prestinn.
 - I Vegna yfirgangs prestsins.
18. **Um hvað fjallar textinn?**
- K samskipti
 - L stríðni
 - M vinnuhörku
 - N þvermóðsku
19. **Hvað í sögunni sýnir að hún er þjóðsaga?**
- P Prestur kemur við sögu.
 - R Sagan endar fremur vel.
 - S Vísað er til þekktra kennileita.
 - T Yfirnáttúrulegir atburðir gerast.

Á milli þeirra liggur land,
sem lykur ægir blár.
En traustum böndum tengja þau
og töfra — sömu þrár.

Svo mætast þau á miðri leið
um milda sumarnótt.
Þá hefur löngun logaheit
um langa vegu sótt.

Þau setjast niður hlið við hlið.
En hverju sætir það,
að kringum hrannast þögnin þung
og þrengir hjörtum að?

Þau höfðu í anda áður reist
sér yfir hafið brú.
En það er margfalt meira djúp
á milli þeirra nú.

*(Heiðrekur Guðmundsson,
1950, Af heiðarbrún)*

20. Hvað skilur persónurnar að í upphafi?

- fjöll
- sandur
- sjór
- vatn

21. „Svo mætast þau á miðri leið um milda sumarnótt.“

Í þessum ljóðlínum er að finna

- A beina mynd.
- B persónugervingu.
- C viðlíkingu.
- D vísun.

22. „Þá hefur löngun logaheit um langa vegu sótt“ **Hvað merkja þessar ljóðlínur?**

- F Ekkert getur lengur stíað þeim sundur.
- G Gagnkvæm þrá hefur leitt þau saman.
- H Lífið hefur farið um þau ómjúkum höndum.
- I Þau hafa ferðast um langan veg.

23. **Í byrjun fjórða erindis eru ljóðstafirnir**

- K a-á/s.
- L a-á/y.
- M þ-a/y.
- N þ-r/s.

24. **Af fjórða erindi má sjá að**

- P mikið ósætti ríkir milli persónanna.
- R skilnaður er óumflýjanlegur.
- S þau hafa upplifað mikla sorg.
- T þau hafa þroskast hvort frá öðru.

25. **Það sem sameinar persónurnar í kvæðinu eru**

- V hugmyndir.
- X ímyndanir.
- P langanir.
- ✿ Æ samskipti.

26. **Ljóðið fjallar um**

- A ást sem stendur ekki undir væntingum.
- B ástarævintýri sem fær snöggan endi.
- C elskendur sem fá ekki að eigast.
- D elskendur sem missa hvort af öðru.

27. **Til að forðast stafavíxl í þátíð er best að athuga ___?___ sagnorðsins.**

- F hátt
- G mynd
- H stofn
- I tíð

28. **Hvar er rangt stafsett?**

- K Er Anna miskunnsöm?
- L Fékkstu góðar einkunnir?
- M Þetta er honum til minnkunnar.
- N Þér er vorkunn.

29. **Í hvaða línu hafa öll nafnorðin sterka beygingu?**

- P bók, folald, tré
- R gras, smiður, afi
- S himinn, fjarlægð, viti
- T lilja, hræ, brú

30. **Söngl heyrðist frá glugganum. Til hvaða orðflokks telst undirstrikaða orðið?**

- V atviksorða
- X lýsingarorða
- P nafnorða
- ✿ Æ sagnorða

31. **Hvert ætlar þú að fara drengur? Í setningunni er að finna**

- A forsetningu.
- B lýsingarorð.
- C samtengingu.
- D persónufornafn.

Litla bílasalan við Vitatorg stendur auð, glugginn svartur eins og lygnublettur í straumpungri og breiðri bergvatnsá. Þar sem húsið var gapir nú grunnur með spýtnarusli og röftum eins og styrjöld hafi verið háð á horninu. Gömul þvottavél undir brakinu og grjótmulningur á hvítri emaléringunni. Pottofnar í haug. Gamli maðurinn stendur og horfir á allt þetta, grettur á svip: Hvernig kom mér til hugar að láta stelpuna hana Sunnevu narra mig svona? Að sjá hvernig þeir fara með ofnana! Og stærstu bjálkana mætti hirða og nýta. Ætli þeim hefði verið fleygt fyrir stríð? Konan hafði sagt að þvottavélin væri ónýt. Tóm vitleysa. Hún vildi bara eina nýmóðins. Í gærmorgun kallaði Geir til sín tvo drengi sem voru að leika sér og gaf þeim epli. Strákhelvítin notuðu þau sem fótbolta úti fyrir búðinni. Ætli maður hefði ekki reynt að brúka á þau tennurnar hér áður fyrr? Hann bölvaði.

Á blettinum biðu reynitrén kvíðin. Annað hálfdautt. Einhver fábjáni vildi hitt gefins. Hann gróf djúpa rauf í kring og er mættur á Vitatorg með sveran kaðal og vörubíl. Hálfgerður dindilbrokkari virðist þetta vera. Hverslags fólk er það eiginlega sem stundar trjárækt? Tómir fábjánar?

- Hvað ætlar maðurinn að gera við trén afi? spurði Þórarinn.

- Hump, sagði sá gamli og svaraði engu.
- Hvernig líkar þér vestur í bæ?
- O, alveg bölvanlega Tóti.
- Tréð drepst, sagði drengurinn.

Trjádelantinn var allur á þönum kringum vörubílinn og vélskófluna. Hann fór úr jakkanum og var á hvítri skyrtu og ullarvesti. Hann hafði tvo syni til aðstoðar. Þeir voru svifaseinir og sá eldri sýnu latari og með hundshaus. Faðir þeirra óð út

í moldina á blankskóm og tók að dýpka skurðinn af djöfulmóð, en þreyttist fljótt og rétti þeim eldri skófluna. Sá tók öllu hans umstangi með einni og sömu setningunni: - Já, hvað er þetta maður!

Þeir hnýttu í stærra tréð. Skóflustjórinn var hinn versti. Vélskóflan rétti upp handlegginn og ræskti sig. Kaðallinn rann óþyrmilega upp börkinn og skóf hann af svo skein í gulan við. Skóflustjórinn talaði svo hátt við sjálfan sig inni í húsi að orðaskil heyrðust: - Hvílíkt brjálæði!

Vörubílstjórinn var kominn með pípu í munninn. Hann sótti gúmmíslöngu undir sætið sitt. – Ég held það væri vit að snúa þessa um stofninn og hnýta svo spottann yfir um hins vegar.

Við þetta afmyndaðist lati drengurinn. Hann leit ólúndarlega á vörubílstjóran og klofaði þungur og svifaseinn að trénu. Hnúturinn var glerharður. Gröfustjórinn setti upp sólgleraugu og horfði út á hafið með dánargrímu. Sjórinn var lognsléttur, á torginu mýbit og blíða. Hann hafði átt lægsta boðið í hreinsun jarðvegs. Helvítið hann Sigurbjörn nefndi hvergi aðstoð við trjáflutning.

Þeir náðu hnútnum sundur með síl og vöfðu slöngunni um stofninn. Geir sagði að það margborgaði sig að hnýta pelastikk. Þórarinn samsinnti kröftuglega. Vélskóflan lyfti sínum ógnarstyrka handlegg og tréð hristi laufkrónuna hrætt. Vélskóflan hnykkti á, gljáandi stálarmur með ljósri olíuhúð rann úr rauðum stökk, tréð reis á fætur og hélt sér dauðahaldi með mörgum sverum rótum. Vélskóflan gaus svörtu og murraði.

Geir gamli hristi hausinn. Eldri drengurinn stóð á bakkanum og horfði á í makráðri kvöl.

- Stökktu ofan í Einar, hrópaði trjáræktarmaðurinn. Yngri sonurinn leit áhugasamur á föður sinn og vissi ekki vel hvað gera skyldi.

- Taktu stunguskófluna drengur og höggðu á ræturnar.

- Hump, heyrðist í Geir á gryfjubarminum. Svo mikið vissi hann um trjárækt af reyniviðar-rifs- og rabarbarabardúsi konu sinnar að víst var að dagar trésins voru taldir. Hann gladdist. Yngri sonurinn stökk ofan í og þakkaði máttlaust. – Ertu að bíða eftir að skóflan geri þetta upp á sitt eigið einsdæmi? kallaði faðirinn og stökk til og þreif skófluna, hjó hamslaus á svartar loðnar slöngur, sem voru hálar af bleytu og egginn skrapp af, loks göptu gular skeinur undan höggunum. Beltaskóflan togaði, hnykkti á trénu. Gúmmíslangan skreið eftir stofninum, kaðallinn rann af henni, losaði börk og stöðvaðist í krika undir stælti grein. Tréð féll aftur á bak og rætur slitnuðu með bresti. – Það er að verða laust! Skógræktarmaðurinn djöflaðist á stólparót, hárið vott af svita og kinnarnar skjálfandi. Vörubílstjórinn rétti sög niður í gryfjuna.

Einhver varð að leggjast á fjóra fætur. Skógræktarmaðurinn horfði á sögina eins og hann

vissi ekki vel hvað hann ætti að gera við hana. Hann leit upp á eldri soninn og sagði hvass: - Ertu invalíd drengur?

- Invalíd hvað?

- Ég á við farlama. Skilurðu ekki mælt mál Magnús?

- Hvað er þetta maður, sagði drengurinn með áherslu, sópaði framan úr sér vargnum, luntaðist reiður ofan í og lagðist á fjóra fætur og sagaði. Hann var sterkur og atgangsharður. Ræturnar brustu ein af annarri, hann risti sveran rótarstólpann í sundur, tréð silaðist upp á grösugan barminn. Þeir hífðu það upp á pallinn sem var svo hamraður af stórgrýti að bitarnir stóðu upp úr dekkinu. Bíllinn vaggjaði. Vörubílstjórinn hljóp til og kom dekki upp á stýrishúsið. Hann var snar í snúningum og furðu lipur að klifra þetta upp og ofan pallinn þrátt fyrir ístruna. Heljarstór rótin lagðist aftast og krónan breiddi sig yfir vélarhúsið.

(Ólafur Gunnarsson, 1993, Tröllakirkja)

32. Hver þessara setninga lýsir best hugrenningum gamla mannsins í upphafi textans?

- F Hann lætur sér fátt um finnast.
- G Hann vill flýta fyrir uppbyggingu.
- H Honum finnst ekki nóg að gert.
- I Honum finnst fjármunum sóað.

33. Hvaða orð lýsir best upphafi kaflans?

- K framfarir
- L niðurrif
- M skipulag
- N stríðsástand

34. Hvað var rífið í upphafi textans?

- P bílskúr
- R heimili gamla mannsins
- S tvílyft timburhús
- T þvottahús

35. „Ætli maður hefði ekki reynt að brúka á þau tennurnar hér áður fyrr?“ Hvaða málsháttur lýsir best þessum orðum?

- V Ekki er allt sem sýnist.
- X Heimur versnandi fer.
- P Margt smátt gerir eitt stórt.
- ✿ Æ Veldur hver á heldur.

36. Að vera með „hundshaus“ merkir að vera

- A flóttalegur.
- B fýldur.
- C langleitur.
- D ófríður.

37. „Skóflustjórinn talaði svo hátt við sjálfan sig inni í húsi að orðaskil heyrðust: – Hvílíkt brjálæði!“ Í hvað vísa þessi orð?

- F áhorfendurna
- G áhættuna
- H sóunina
- I verklagið

38. Setningin „... tréð hristi laufkrónuna hrætt“ felur í sér

- K hlutgervingu.
- L minni.
- M persónugervingu.
- N viðlíkingu.

39. „... svartar loðnar slöngur sem voru hálar af bleytu ...“ Til hvers er verið að vísa?

- P arma vélskóflunnar
- R greina trésins
- S hnútanna á kaðlinum
- T róta trésins

40. Hvað felst í því þegar höfundur notar orðin „skógræktarmaður“ og „trjádelerant“?

- V hvatning
- X hæðni
- Þ raunsæi
- ✿ Æ stríðni

41. Hvað bendir til að vörubíllinn hafi verið mikið notaður?

- A Bitarnir voru laskaðir.
- B Bíllinn vagggaði.
- C Dekkin voru léleg.
- D Útlitið á pallinum.

42. Sagan er sögð frá sjónarhorni

- F eldri sonarins.
- G gamla mannsins.
- H gröfustjórans.
- I vörubílstjórans.

43. Hvað einkennir textann?

- K alvara
- L mannlýsingar
- M myndmál
- N samtöl

44. Ópersónulegar sagnir eru alltaf í

- P 1. persónu.
 R eintölu.
 S framsöguhætti.
 T miðmynd.

45. Friðrik var spurður um afmælisgjöfina.

Í málsgreininni er að finna sögn í

- V germynd.
 X lýsingarhætti nútíðar.
 P viðtengingarhætti.
 ❁ Æ þolmynd.

46. Farðu út og viðraðu hundinn.

Sagnirnar eru í

- A boðhætti.
 B fallhætti.
 C framsöguhætti.
 D viðtengingarhætti.

47. Hvaða sögn hér að neðan hefur veika beygingu?

- F búa
 G líta
 H velja
 I vera

48. Hvar er að finna sögn í lýsingarhætti nútíðar?

- K Ég færi á ballið ef ég mætti.
 L Hann kom gangandi yfir heiðina.
 M Það er stígandi í leik liðsins.
 N Þær voru hafðar fyrir rangri sök.

49. Hvar er að finna aðaltengingu?

- P Auður kleif fjallið þrátt fyrir meiðsli.
 R Ég ætla á völinn og síðan heim.
 S Friðgeir ók norður til að komast á skíði.
 T Hvert heldur þú að ég sé að fara?

50. Hvaða orðmynd passar í eyðuna?

Ég ___?_ ef ég gæti.

- V kem
 X kom
 P komi
 ❁ Æ kæmi

51. Sjaldan er logn á annesjum.

Í setningunni er að finna

- A forsetningu.
 B lýsingarorð.
 C persónufornafn.
 D samtengingu.

52. Hvar eru öll fallorðin í aukafalli?

- F Baldur fór út með ruslið.
 G Einhverjir sáu sólina koma upp.
 H Honum hætti til að brjóta reglurnar.
 I Margur heldur mig sig, segir máltækið.

53. Hvar er að finna raðtölu?

- K Ég fór þrisvar í bíó í mars.
 L Hundrað manns komu í afmælið.
 M Í dag er fertugasti dagur ársins.
 N Sástu einhvern annan en Jón?

54. Hvaða orð er eingöngu til í eintölu?

- P buxur
 R engill
 S fólk
 T vera

55. Hann fór norður á Akureyri.

Undirstrikaða orðið er

- V atviksorð.
 X fornafn.
 P lýsingarorð.
 ❁ Æ nafnorð.

Kaflinn er hluti af Gylfaginningu. Í þessum kafla eru nöfnin Alföður og Hár bæði notuð um guðinn Óðin.

34. kafli

Enn átti Loki fleiri börn. Angurboða heitir gýgur í Jötunheimum. Við henni gat Loki þrjú börn. Eitt var Fenrisúlfr, annað Jörmungandur, það er Miðgarðsormur, þriðja er Hel.

En er goðin vissu til þess að þessi þrjú systkin fæddust upp í Jötunheimum og goðin röktu til spádóma að af systkinum þessum myndi þeim mikið mein og óhapp standa og þótti öllum mikils illt af væni, fyrst af móðerni og enn verra af faðerni, þá sendi Alföður til guðin að taka börnin og færa sér. Og er þau komu til hans, þá kastaði hann orminum í hinn djúpa sæ er liggur um öll lönd, og óx sá ormur svo að hann liggur í miðju hafinu of öll lönd og bítur í sporð sér. Hel kastaði hann í Niflheim og gaf henni vald yfir níu heimum, að hún skipti öllum vistum með þeim er til hennar voru sendir, það eru sótt dauðir menn og ellidauðir. Hún á þar mikla bólstaði og eru garðar hennar forkunnar háir og grindur stórar. Éljúðnir heitir salur hennar, Hungur diskur hennar, Sultur knífur hennar, Ganglati þrællinn, Ganglöt ambátt, Fallandaforað þreskuldur hennar er inn gengur, Kör sæng, Blíkjandaböl ársali hennar. Hún er blá hálf en hálf með hörundar lit. Því er hún auðkennd og heldur gnúpleit og grimleg.

Úlfinn fæddu æsir heima og hafði Týr einn djarfleik til að ganga að úlfinum og gefa honum mat. En er guðin sáu hversu mikið hann óx hvern dag, og allar spár sögðu að hann myndi vera lagður til skaða þeim, þá fengu æsir það ráð að þeir gerðu fjötur allsterkan er þeir kölluðu Læðing, og báru hann til úlfsins og báðu hann reyna afl sitt við fjöturinn. En úlfinum þótti sér það ekki ofurefli og lét þá fara með sem þeir vildu. Hið fyrsta sinn er úlfurinn spyrnti við brotnaði sá fjötur. Svo leystist hann úr Læðingi.

[...]

Eftir það óttuðust æsirnir að þeir myndu eigi fá bundið úlfinn. Þá sendi Alföður þann er Skírnir er nefndur, sendimaður Freys, ofan í Svartálfaheim til dverga nokkurra og lét gera fjötur þann er Gleipnir heitir. Hann var gjör af sex hlutum: Af dyn kattarins og af skeggi konunnar og af rötum bjargsins og af sinum bjarnarins og af anda fisksins og af fugls hráka. Og þóttú vitir eigi áður þessi tíðindi, þá máttu nú finna skjótt hér sönn dæmi að eigi er logið að þér: Séð munt þú hafa að konan hefur ekki skegg, og enginn dynur verður af hlaupi kattarins, og eigi eru rætur undir bjarginu. Og það veit trúa mín að jafnsatt er það allt er eg hef sagt þér, þótt þeir séu sumir hlutir er þú mátt eigi reyna.“

Þá mælti Gangleri: „Þetta má eg að vísu skilja að satt er. Þessa hluti má eg sjá er þú hefur nú til dæma tekið. En hvernig varð fjöturinn smíðaður?“

Hár segir: „Það kann eg þér vel segja. Fjöturinn varð sléttur og blautur sem silkiræma en svo traustur og sterkur sem nú skaltu heyra.

Þá er fjöturinn var færður ásunum þökkuðu þeir vel sendimanni sitt erindi. Þá fóru æsirnir út í vatn það er Ámsvartnir heitir, í hólmi þann er Lyngvi er kallaður, og kölluðu með sér úlfinn, sýndu honum silkibandið og báðu hann slíta og kváðu vera nokkru traustara en líkindi þættu á fyrir digurleiks sakir, og seldi hver öðrum og treysti með handaafli, og slitnaði eigi. En þó kváðu þeir úlfinn slíta myndu.

Þá svarar úlfurinn: „Svo líst mér á þennan dregil sem enga frægð muni eg af hljóta þótt eg slíti í sundur svo mjótt band. En ef það er gjört með list og vél, þótt það sýnist lítið, þá kemur það band eigi á mína fætur.“

Þá sögðu æsirnir að hann mundi skjótt sundur slíta mjótt silkiband er hann hafði fyrr brotið stóra járnfjötra. „En ef þú færð eigi þetta band slitið, þá

muntu ekki hræða mega goðin, enda skulum vér þá leysa þig.“

Úlfurinn segir: „Ef þér bindið mig svo að eg fæ eigi leyst mig, þá skallið þér svo að mér mun seint verða að taka af yður hjálp. Ófús em eg að láta þetta band á mig leggja. En heldur en þér frýði mér hugar, þá leggi einhver yðar hönd sína í munn mér að veði að þetta sé falslaust gert.“

En hver ásanna sá til annars og þótti nú vera tvö vandræði, og vildi enginn sína hönd fram selja fyrr en Týr lét fram hönd sína hægri og leggur í munn úlfinum. En er úlfurinn spyrnir, þá harðnaði bandið, og því harðar er hann braust um því skarpara var bandið. Þá hlógu allir nema Týr. Hann lét hönd sína.

Þá er æsir sáu að úlfurinn var bundinn að fullu, þá tóku þeir festina er úr var fjötrinum, er Gelgja hét, og drógu hana gegnum hellu mikla, sú heitir Gjöll, og festu helluna langt í jörð niður.

Þá tóku þeir mikinn stein og skutu enn lengra í jörðina. Sá heitir Þviti, og höfðu þann stein fyrir festarhælinn.

Úlfurinn gapti ákaflega og fékkst um mjög og vildi bíta þá. Þeir skutu í munn honum sverði nokkru. Nema hjöltin við neðri gómi en efri gómi blóðrefill. Það er gómssparri hans. Hann grenjar illilega og slefa rennur úr munn hans. Það er sú á er Vón heitir. Þar liggur hann til ragnarökkurs.“

Þá mælti Gangleri: „Furðu illa barneign gat Loki. En öll þessi systkin eru mikil fyrir sér. En fyrir hví drápu æsir eigi úlfinn er þeim er ills von af honum?“

Hár svarar: „Svo mikils virtu goðin vé sín og griðastaði að eigi vildu þau saurga þá með blóði úlfsins, þótt svo segi spárnar að hann muni verða að bana Óðni.“

(úr Gylfaginningu)

56. Hvað einkennir nöfnin á eigum Heljar?

- A álög
- B bölsýni
- C formælingar
- D heift

57. Hvað hafði Týr fram yfir aðra guði?

- F Hann var greindari.
- G Hann var hugrakkari.
- H Hann var metnaðarfullri.
- I Hann var sterkari.

58. Af hverju vildu goðin hafa taumhald á Fenrisúlfi?

- K Hann var farinn að éta of mikið.
- L Hann var farinn að líkjast Hel of mikið.
- M Hann var orðinn fyrirferðarmikill.
- N Hann var orðinn mikill ógnvaldur.

59. Goðin lögðu úlfinn í fjötur með

- P brögðum.
- R fortölum.
- S fagurgala.
- T hótunum.

60. Setningin „En úlfinum þótti sér það ekki ofurefli ...“ merkir að úlfurinn

- V hélt sig ráða við að slíta fjöturinn.
- X lét til leiðast að reyna fjöturinn.
- Þ taldi fjöturinn óviðráðanlegan.
- ✿ Æ þótti fjöturinn vera fyrirtillegur.

61. Fjöturinn Gleipnir var settur saman af sex hlutum sem

- A erfitt er að festa hendur á.
- B eru til í raun og veru.
- C finnast í Svartálfaheimi.
- D saman mynda ósýnilegan þráð.

62. Í textanum segir úlfurinn um Gleipni „En ef það er gjört með list og vél, þótt það sýnist lítið, þá kemur það band eigi á mína fætur.“ Í Íslenskri orðabók fær orðið vél margar skýringar. T.d. 1 hreyfill, olívél 2 svik, tál 3 kálfsiður, kálfsvinstur með görnum 4 list, listbragð.

Í hvaða merkingu notar úlfurinn orðið vél?

- F fyrstu
- G annarri
- H þriðju
- I fjórðu

63. Fenrisúlfrur óttaðist að æsirnir ætluðu sér að nota Gleipni til að

- K beita hann brögðum.
- L einangra hann.
- M hafa hann að athlægi.
- N reyna að drepa hann.

64. Hvers vegna hlógu æsirnir?

- P Úlfurinn gapti ógurlega.
- R Úlfurinn lét mjög illa.
- S Þeim tókst ætlunarverkið.
- T Þeim var illa við Tý.

65. Af hverju skutu æsirnir sverði í munn úlfsins?

- V Svo hann gæti ekki látið vita af sér.
- X Svo hann nagaði ekki af sér fjöturinn.
- Þ Til að gera hann óvígán.
- Æ Til að veita honum ráðningu.



66. Hvers vegna drápu goðin ekki Fenrisúlfr?

- A Þau vildu ekki drepa ungviði.
- B Þau vildu ekki óhlýðnast Óðni.
- C Þau vildu ekki vanhelga heimkynni sín.
- D Þau þorðu ekki að berjast við úlfinn.

67. Lokaorð textans vísa til

- F blóðbanda.
- G forlagatrúar.
- H hefndarskyldu.
- I ættarerja.

68. Æsir óttuðust spádóm þann er sagði fyrir um

- K aðdraganda ragnaraka.
- L afdrif Fenrisúlfs.
- M endalok Óðins.
- N endurkomu Loka.

69. Í hvaða setningu kemur kaldhæðni höfundar skýrast fram?

- P Svo leystist hann úr Læðingi.
- R Þar liggur hann til ragnarökkurs.
- S Þá hlógu allir nema Týr.
- T Þeir skutu í munn honum sverði nokkru.

70. Um hvað fjallar textinn?

- V Baráttu ása við Fenrisúlfr.
- X Baráttu Fenrisúlfs fyrir lífi sínu.
- Þ Samskipti Alföður og ása.
- Æ Samskipti Loka og ása.



71. Hvaða málsgrein telst ekki gott mál?

- A Ambögunum verður að fækka, hvað sem hver segir.
- B Á mánudaginn fengum við fyrsta veður af því hvernig skipulagið á að vera.
- C Með lögum skal land vort byggja en með ólögum eyða.
- D Þeim er í sjálfsvald sett hvernig unnið er úr niðurstöðum rannsókna.

72. Hvar er rétt stafsett?

- F Ingunn fór snemma í bæjinn.
- G Kristinn keypti sér nýja skó.
- H Langt er á milli bæa á Ströndum.
- I Sunna dró níu þorska í morgun.

73. Hvað einkennir lýsingarorð?

- K Þau beygjast ekki eftir kyni, tölu eða falli.
- L Þau bæta oftast við sig greini.
- M Þau eru einu fallorðin sem geta stigbreyst.
- N Þau geta ekki staðið með nafnorðum.

74. Steypireiðurin synti inn fjörðinn.

Í hvaða kyni er undirstrikaða orðið?

- P hvorugkyni
- R karlkyni
- S kvenkyni

75. Hvaða málsgrein telst gott mál?

- V Framtíðarvonir hennar runnu út í sandinn þegar Björn var ráðinn.
- X Honum fannst nokkuð djúpt í báruna tekið.
- Þ Í ljós kom að það var víða í pottinn brotið.
- Æ Lögreglan sagði að skipulögð glæpastarfsemi hefði náð að skjóta niður fótum á Íslandi.

76. Hvaða orð felur í sér líkingu?

- A blesóttur
- B borðleggjandi
- C grjótharður
- D kvöldsvæfur

77. „... þá sendi Alföður til guðin að taka börnin og færa sér“

Orðið guðin í textanum er í

- F hvorugkyni þágufalli.
- G hvorugkyni þolfalli.
- H karlkyni þágufalli.
- I karlkyni þolfalli.

78. Í hvaða setningu er laus greinir?

- K Bræðurnir hafa marga hildi háð.
- L Fram vann hið geysisterka lið Hauka.
- M Í fjarska sást grilla í himininn.
- N Skúli fór með hinum strákunum til veiða.

PESSI SÍÐA Á AÐ VERA AUÐ